



Hafnarnefndarfundur

Fimmtudaginn 6. október 2011 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 8.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Guðjón Guðjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál hafnarinnar

a) Rekstur fyrstu 8 mánuði ársins.

Fyrir fundinum lá samanburður á rekstri hafnarinnar fyrstu 8 mánuði árána 2010 og 2011 og aðalbók hafnarsjóðs tímabilið janúar til ágúst 2011.

Tekjur fyrstu 8 mánuði ársins eru 20,3 milljónir en tekjur sama tímabil 2010 voru 22,6 milljónir. Rekstragjöld eru 19 milljónir á tímabilinu en voru 13,3 á sama tíma 2010. Mismunur skýrist að mestu af kostnaði við malbikun á athafnasvæði hafnarinnar.

Niðurstaða eftir fyrstu 8 mánuði ársins án afskrifta er jákvæð um 1,3 milljónir en áætlun gerir ráð fyrir 13,5 milljónum fyrir allt árið.

Hafnarnefnd yfirfór fyrirbyggjandi gögn og ræddi stöðuna en málið var til kynningar.

b) Samanburður á afkomu hafna 2010.

Fyrir fundinum lá samantekt sem til kynningar var á hafnarfundum í sl. mánuði. Þar er gerður samanburður á höfnum miðað við ýmsar kennitölur.

Málið var til kynningar.

2. Framkvæmdir 2011

a) Malbikun

Fyrir fundinum lá reikningur sem sýnir að kostnaður við malbikun á athafnasvæði var 5,6 milljónir króna.

Málið var til kynningar

b) Grjótvörn

Fyrir fundinum lá uppgjör vegna vinnu við grjótvörn og fram kom að aðrir reikningar vegna tækniþjónustu og fleira séu að mestu komnir



fram. Heildarkostnaður við verkið fyrir utan VSK er nærri 14 milljónum og hlutdeild hafnarinnar um 3,5 milljónir.

c) Lýsing og annar frágangur

Fyrir fundinum lágu gögn þar sem skýrt er hvernig lýsingu verði háttað á Miðgarði en við að gömlu síldarþrænar voru rifnar fóru ljóskastarar sem á þeim voru. Á yfirlitsmynd sem lá fyrir kom fram að ljósastaur með þremur kösturum verði settur um miðja vegu þar sem austurveggur þróarinnar var.

Hafnarnefnd ræddi fyrirkomulagið og gerði ekki athugasemdir við áætlun um lýsinguna.

3. Skipulag á hafnarsvæði

Fyrir fundinum lágu yfirlitsblöð þar sem kemur fram hvernig koma megi fyrir gámum á svæðinu, hvernig umferð og bílastæðum verði háttað. Hafnarnefnd ræddi hugmyndir að skipulagi og sérstaklega um hvar gámar verði heimilaðir á svæðinu. Tekin var afstaða til fyrirkomulags og m.a. hvernig rafmagnssölu verði háttað. Umræður urðu einnig um hvar eigi að bjóða upp á svæði fyrir gáma á Skúffugarði og samþykkti að heimila stöðugáma á austurkanti fyllingar með ákveðnum skilyrðum.

4. Framkvæmdir 2012

a) Samantekt um steypa þekju á Ásgarði

Fyrir fundinum lá samantekt Kristjáns Helgasonar tæknifræðings á Siglingastofnun þar sem gert er kostnaðarmat á að steypa þekju á garðinn og setja á hann nýja steypujárnsþolla, kanttré og endurnýja rafmagnstengingar. Áætlaður kostnaður við verkið er um 20 milljónir króna.

Málið var til kynningar.

b) Minnisblað um lengingu viðlegukants

Fyrir fundinum lá minnisblað þar sem gerð er grein fyrir að lenging Miðgarðs með trébryggju sé á samgönguáætlun og taka þurfi afstöðu til hvort Skagastrandarhöfn hyggist fara í framkvæmdina á árinu 2012. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 48 milljónir sem skiptist þannig að hafnarsjóður greiði 40% en ríkissjóður 60%. Fyrir utan VSK yrði hlutdeild hafnar því um 15,3 milljónir króna.

Hafnarnefnd ræddi málið og samþykkti að senda Siglingastofnun erindi og óska eftir að tímasetningu verksins verði haldið inni í áætlun. Einnig



samþykkt að fá frekari útfærslu á framkvæmdinni og annarri notkun hafnarinnar á þessu svæði.

c) Frágangur og malbikun akstursleiða og geymslusvæða
Á yfirlitsmynd yfir hafnarsvæðið kom fram að svæði sem þarf að malbika í framhaldi af endurbyggingu grjótvagnar norðan Spákonufellseyjar er um 376 fm og áætlaður kostnaður við það um 1,9 milljónir króna. Hafnarnefnd var sammála um láta malbika svæðið.

5. Önnur mál.

Jóhann minnti á að ekki hafi verið aðhafst vegna athugasemda sem hann gerði á síðasta fundi vegna rafmagns á Ásgarði og Skúffugarði. Sveitarstjóri greindi frá því að verkið væri í höndum rafvirkja og gengið yrði eftir úrbótum.

Rætt var um innheimtu gjalda á höfninni og kom fram að þau eru í föstum skorðum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10.00

Adolf H. Berndsen,

Guðjón Guðjónsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Gunnar Sveinsson,

Jóhann Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson